



# ÚTIVIST

Leggðu land undir fót með okkur

Alþingi  
Erindi nr. P 132/135  
komudagur 24.11.2005

Ferðafélagið Útivist  
Laugavegi 178  
105 Reykjavík

Reykjavík 21. nóvember 2005.

Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um göngubrú yfir Ölfusá, 38 mál.**

Útivist fagnar því að vegfarendur fá tækifæri til að komast gangandi eða hjólandi yfir Ölfusá. Útivist er öllum góð. Útivist fagnar auknum áhuga á samgöngubótum gangandi vegfarenda. Telur Útivist fulla þörf og fullt réttlæti að göngufólki verði gert jafn hátt undir höfði og öðrum á faraldsfæti. Því sé í senn sanngjarnt og rétt að göngustíga- og brúargerð verði sett sem sérstakur liður í samgönguáætlun sbr. reiðvegi.

Útivist styður þessi áform og fylgist með framvindu af áhuga.

F. h. Ferðafélagsins Útivistar

Skúli H. Skúlason  
framkvæmdastjóri



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/399**  
**komudagur 2.12.2005**



Reykjavík 22. nóvember 2005

Nefndasvið Alþingis  
Samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um úttekt á gerð göngubrúar yfir Ölfusá við Selfoss. Þskj. – 38 mál

Rannsóknarnefnd umferðarslysa gerir engar athugasemdir vegna framkominnar þingsályktunartillögu um að samgönguráðherra verði falið að láta meta kosti þess að gera göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss og kostnað við slíka framkvæmd.

Virðingarfyllst  
f.h. Rannsóknarnefndar umferðarslysa

Ásdís J. Rafnar,  
formaður



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/165*  
*komudagur 25.11.2005*

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 23. nóvember 2005

*Tilvísun: 2005110154*  
*091.1*

Alþingi  
Nefndasvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

### **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um göngubrú yfir Ölfusá**

Vísað er til bréfs samgöngunefndar frá 16. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar ríkislögreglustjórans um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Ríkislögreglustjórinn gerir ekki athugasemdir við efni tillögunnar, en bendir á að nokkuð knappur tími er ætlaður til verksins.

F.h. RLS

Steinar Adolffson, lögl. fulltr.

Selfossi, 1. desember 2005  
0511060 HH

Nefndasvið Alþingis -  
Austurstræti 8-10,  
150 REYKJAVÍK

**Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um göngubrú yfir Ölfusá.**

Á fundi bæjarráðs Árborgar 1. desember 2005 var til afgreiðslu erindi frá samgöngunefnd Alþingis - beiðni um umsögn um þingsályktunartillögu um göngubrú yfir Ölfusá -

**Bæjarráð fagnar tillögunni og skorar á alþingismenn að samþykkja hana. Hér er á ferðinni mikilvægt mál og bæjarráð hefur ítrekað vakið athygli á nauðsyn þess að byggja nýja göngubrú yfir Ölfusá.**

**Áheyrnarfulltrúi minnihluta bæjarstjórnar lýsti stuðningi sínum við þessa afgreiðslu bæjarráð.**

Framangreind afgreiðsla tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

  
Bæjarráttarinn

Helgi Helgason  
bæjarritari.

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 132/505**  
**komudagur 12.12.2005**



8. desember 2005  
ÓHP/sj

Samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

**Varðar 38. mál 2005/2006 Tillaga til þingsályktunar – Göngubrú yfir Ölfusá**

Vísað er til bréfs samgöngunefndar, dagsetts 16. nóvember 2005.

Umferðarráð hefur ekki komið saman til fundar frá því að bréf nefndarinnar barst. Undirritaður ákvað því að senda fulltrúum í Umferðarráði erindið til umsagnar í tölvupósti. Eftirfarandi svör bárust:

Frá fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Sigrúnu Þorsteinsdóttur:

„Slysavarnafélagið Landsbjörg telur mjög jákvætt ef gerð verður göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss, til að auka öryggi gangandi vegfarenda.”

Frá fulltrúa Ökukennarafélags Íslands, Guðbrandi Bogasyni:

„Að sjálfsögðu er ég fylgjandi göngubrú yfir Ölfusá. Núverandi brú er allt of þröng. Hægðarleikur væri að hengja sérstaka göngubrú utaná núverandi brú en það mundi bæði fara vel út frá sjónmengun og gagnast vel fyrir alla umferð, og er sennilega ekki mjög dýrt.”

Undirritaður tekur undir framangreind sjónarmið, og styður það sem fram kemur í þingsályktunartillögunni að samgönguráðherra verði falið að láta meta kosti þess að gera göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss og meta kostnað við slíka framkvæmd. Einhver ár munu líða þar til ný brú verður gerð við Laugardæli og a.m.k. þar til sú framkvæmd kemst í gagnið er ljóst að umferð um núverandi brú við Selfoss mun vaxa með ári hverju, og þar með hætta fyrir gangandi vegfarendur. Ný göngubrú, sem skilur enn betur en nú er á milli akandi umferðar og gangandi, er ótvírætt til þess fallin að auka umferðaröryggi. Umferðarráð styður því fram komna tillögu.

f.h. Umferðarráðs,



Óli H. Þórðarson  
formaður

Nefndarsvið Alþingis  
hr. Ingvar Þór Sigurðsson  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK  
ÍSLAND

Reykjavík, 21. nóvember 2005  
Tilvísun: 2005100023/30.9  
SGB/BH  
Tilv. ykkar: 16.nóvember 2005

**Efni: Göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss, þskj. 38 - 38. mál.**

Með bréfi dags. 16. nóvember 2005 er óskað eftir umsögn um ofangreint málefni.

Núverandi brú á Ölfusá er byggð á árinu 1945 og ljóst að mikil aukning umferðar hefur orðið síðan þá og meira um stærri ökutæki í umferðinni.


Akbraut á Ölfusárbrú er í dag 6,2m þ.e. á milli handriða en ef ný brú væri byggð í dag skv. vegstaðli yrði hún væntanlega 13,5m breið á milli handriða. Gönguleiðin er einnig nokkuð þröng yfir brúna eða um 1,5m. Talsvert hefur verið um ákeyslur á handrið á milli gönguleiðar og akbrautar á undanförunum árum en fyrir um 2 árum var handriðið fært til um ca. 20cm þannig að akbrautin var víkkuð sem því nam og gönguleiðin þrengd. Hefur ákeyslum fækkað nokkuð eftir þetta en þó hafa orðið nokkuð miklar skemmdir á handriðinu nú í sumar vegna óhappa sem þar hafa orðið og stendur fyrir dyrum nokkuð stór viðgerð á því.

Sveitarfélagið Árborg hefur á umliðnum árum óskað eftir því við Vegagerðina að gerðar yrðu úrbætur á ástandinu og byggð sérstök göngubrú yfir ána. Áður en ráðist var í endurbætur á núverandi brú fyrir rúmum 10 árum síðan voru skoðaðir kostir varðandi gönguleiðina m.a. með því að byggja léttu brú utan á núverandi brú til þess að bera gangandi umferð. Niðurstaða þessara athugana var sú að ekki þótti unnt að mæla með því að láta burðarvirki brúarinnar bera göngustíg yfir ána á annan hátt en nú er gert. Þyrfti því að horfa til annarra lausna ef bæta ætti þjónustu við gangandi umferð á þessum stað.

Einnig vakti Vegagerðin athygli á 20. gr. vegalaga nr. 45/1994 með síðari breytingum, en þar segir m.a., að viðkomandi sveitarfélagi beri að greiða kostnað við gerð hjólreiða- og göngustiga. Því er ekki augljóst, að Vegagerðinni sé heimilt að taka þátt í kostnaði við gerð göngubrúar yfir Ölfusá.

Umræða hefur verið um að færa Hringveginn norður fyrir byggðina við Selfoss og gert ráð fyrir því í aðalskipulagi sveitarfélaganna. Ljóst er þó að um núverandi brú verður áfram töluverður hluti umferðarinnar vegna þess hversu mikil þjónusta er á Selfossi og hafa umferðarkannanir sýnt það. Ný brú mun því ekki leysa þann vanda sem við er að glíma varðandi göngutengsl.

Virðingarfyllt,



Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri